

Orkustofnun  
María Guðmundsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2021  
UST202104-249/B.S.  
10.05.05

**Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti í Svartsengi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi nýtingu jarðhita á jarðhitasvæðinu Svartsengi-Eldvörp næstu 30 árin með spám um líkleg viðbrögð jarðhitakerfisins á þeim tíma auk skipulags- og matslýsingar vegna endurskoðunar á deiliskipulagi virkjana HS Orku sem staðsettar eru innan tveggja sveitarfélaga.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn vegna lýsingar á endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir Reykjanes dags. 29. janúar sl.

Hér er um að ræða nýtingu jarðhita allt frá árinu 1977. Áframhaldandi starfsemi á þessu svæði mun að líkindum litlu breyta um þá ásýnd sem svæðið hefur nú þegar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur